

Fimmtudaginn 18. september 1997.

Nr. 322/1996.

**Mál og menning hf.**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

**Fjallkonunni ehf.**

(Ólafur Garðarsson hrl.)

**og gagnsök**

Frávísun máls frá héraðsdómi. Vanreifun. Kröfugerð. Matsgerð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1996. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Að því frágengnu krefst aðaláfrýjandi aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi fyrir sitt leyti með stefnu 11. október 1996. Hann krefst þess, að kröfum aðaláfrýjanda um frávísun málsins og ómerkingu héraðsdóms verði hrundið og allar kröfur sínar í héraði teknar til greina. Kröfur gagnáfrýjanda í héraði, sem hann vísar þannig til, voru aðallega, að aðaláfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 10.175.200 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 3.300.000 krónum frá 30. nóvember 1994 til 5. september 1995 og af 10.175.200 krónum frá þeim degi til greiðsludags, en til vara aðra lægri fjárhæð með dráttarvöxtum eins og að framan greinir. Í öllum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Með samningi 30. desember 1993 milli aðaláfrýjanda, sem þá hét Mál og menning, bókmenntafélag, og gagnáfrýjanda, sem nefndist þá Ísafoldarprentsmiðja hf., keypti aðaláfrýjandi bókaútgáfu gagnáfrýjanda að meðtöldum nánar tilteknum réttindum í tengslum við

starfsemina. Umsamið kaupverð var 40.000.000 króna, sem átti meðal annars að greiða að rúmum helmingi með veðskuldabréfi með nánar tilgreindum greiðslukjörum. Aðilarnir gerðu jafnframt með sér ódagsett samkomulag, að ætla má, samhliða þessum samningi, þar sem sagði eftirfarandi:

„Ísafoldarprentsmiðja tekur að sér prentun á eftirtöldum bókum (sbr. yfirlit, sem samið verður í byrjun janúar), sem Mál og menning hyggst frumútgefa eða endurprenta á fyrri hluta næsta árs.

Ísafoldarprentsmiðja skilar bókum af sömu gæðum og sambærilegar bækur hafa fengist frá öðrum prentsmiðjum, þ. e. pappírgæði, prentgæði, bókband og stærð bóka.

Ávallt skal liggja fyrir samþykkt nákvæm verklýsing fyrir efni, sem notað verður við framleiðslu bókanna, s. s. pappír og bókbandsefni, upplag, brot og a. þ. h.

Endanlegt verð skal liggja fyrir, áður en hvert verkefni fer af stað. Verð skal vera sambærilegt og MM getur fengið annars staðar í íslenskum prentsmiðjum. Þá skal og liggja fyrir, hvaða verkþætti Ísafoldarprentsmiðja annast sjálf, hvaða verkþætti undirverktakar á vegum Ísafoldar annast og hvort MM fái reikninga beint frá undirverktökum eða hvort reikningur komi frá Ísafold fyrir allt verkið. Ef MM á að annast einhverja verkþætti eftir prentun, skal það vera ljóst fyrir fram.

Greiðslur skulu vera með þriggja mánaða víxli nema bækur, sem sannanlega hefði ekki þurft að prenta fyrir en síðsumars, – þær skulu gerðar upp með víxli eða skuldabréfi með gjalddaga 25. september 1994.

Aðilar stefna á, að prenthluti þessara viðskipta verði á tímabilinu 1. 1. 1994 fram til 1. 3. 1994, að fjárhæð samtals 6.000.000 kr. eða meira.“

Gagnáfrýjandi telur aðaláfrýjanda hafa vanefnt þetta samkomulag, þar sem svokallaður prenthluti í verkefnum, sem hinn síðarnefndi hafi falið sér samkvæmt því, hafi aðeins numið 1.110.250 krónum. Kröfur gagnáfrýjanda vegna þessara ætluðu vanefnda eru tvíþættar samkvæmt héraðsdómsstefnu. Annars vegar krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði gert að bæta sér missi hagnaðar af vinnu við prentun. Í héraðsdómsstefnu er þessi kröfuliður skýrður þannig út, að gagnáfrýjandi hafi gert ráð fyrir því að fá í sinn hlut

tímagjald, að fjárhæð 3.540 krónur, vegna prentunar fyrir aðaláfrýjanda, en þetta verk hafi átt að vinna á prentvél af gerðinni Roland. Þetta gjald hafi átt að standa undir öllum kostnaði gagnáfrýjanda auk framlegðar eða hagnaðar af verkinu. Samkvæmt útreikningi löggilts endurskoðanda hefði kostnaður af verkinu numið 1.069 krónum vegna hverrar klukkustundar. Hefði því framlegð af verkinu orðið 2.471 króna fyrir hverja prentklukkustund, 69,8% af fyrrgreindu tímagjaldi. Gagnáfrýjandi telur aðaláfrýjanda hafa samkvæmt áðursögðu vanefnt skyldu til að fela sér verkefni, þar sem greiðslur fyrir prenthluta áttu að verða 4.889.750 krónur. Framlegð af þeim verkefnum, 69,8% af nefndri fjárhæð, hefði orðið 3.413.045,50 krónur, sem gagnáfrýjandi krefst í þessum lið. Hins vegar krefst gagnáfrýjandi bóta úr hendi aðaláfrýjanda vegna missis hagnaðar af öðrum verkþáttum, sem hefðu fylgt umsaminni vinnu við prentun, en slíkir verkþættir hefðu snúið að plötugerð, pappír, bókbandi og vinnu við setningu, umbrot og filmur. Gagnáfrýjandi kveður svonefnda verkseðla vegna tveggja verka, sem hann vann fyrir aðaláfrýjanda, bera með sér, að umsamin verklaun þar hafi verið samtals 610.000 krónur, en raunverulegur kostnaður af þeim hafi hins vegar orðið 534.480 krónur, þar af 42.480 krónur vegna prentunar. Mismunurinn hafi því orðið 75.520 krónur, sem hafi verið framlegð af þessum verkum. Hún hafi þannig orðið 12,5% af tilboðsfjárhæð annars verksins og 12,25% af fjárhæð hins. Á þessum grunni kveðst gagnáfrýjandi hafa mátt búast við samsvarandi framlegð af verkefnum, sem aðaláfrýjandi hafi vanefnt að fela sér. Með því að prenthluti í þeim verkefnum hafi átt að kosta fyrrnefndar 4.889.750 krónur, hefði framlegðin af þeim orðið 8.703.755 krónur. Hann kjósi á hinn bóginn að miða kröfulið af þessu tilefni við framlagt skjal í málinu, sem hann kveður hafa að geyma svonefndar tilboðstölur til aðaláfrýjanda, samtals 66.660 krónur, vegna þeirra tveggja verka, sem áður er rætt um. Verði þá kröfuliðurinn að fjárhæð 5.525.417,50 krónur.

Kröfur gagnáfrýjanda vegna ætlaðra vanefnda aðaláfrýjanda á samkomulagi þeirra um prentun eru samkvæmt framangreindum tveimur liðum samtals 8.938.463 krónur. Þessu til viðbótar krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér bætur, vegna þess að ársvextir, sem samið hafi verið um í kaupsamningn-

um 30. desember 1993, að þar greint veðskuldabréf frá aðaláfrýjanda ætti að bera, hafi orðið 2% lægri en aðilar hafi sammælt um í reynd. Þetta hafi rýrt verðgildi skuldabréfsins um 1.248.637 krónur, sem er fjárhæð bótakröfu gagnáfrýjanda á þessum grunni. Alls voru því kröfurnar, sem gagnáfrýjandi gerði á hendur aðaláfrýjanda samkvæmt héraðsdómsstefnu, að fjárhæð 10.187.100 krónur. Við munnlegan flutning málsins fyrir héraðsdómi lækkaði gagnáfrýjandi þessa fjárhæð um 11.900 krónur, í 10.175.200 krónur, sem hann krefst nú úr hendi aðaláfrýjanda samkvæmt áðursögðu. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, hvert tilefnið hafi verið til þessarar lækkunar af hendi gagnáfrýjanda eða hvaða kröfuliður hans hafi átt að skerðast með henni.

Með hinum áfrýjaða dómi var aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda 3.000.000 króna í bætur samkvæmt fyrsta kröfulið hans, en aðaláfrýjandi var á hinn bóginn sýknaður af öðrum fyrrnefndum kröfum gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjandi krafðist ekki frávísunar málsins fyrir héraðsdómi.

## II.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms leitaði gagnáfrýjandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta annars vegar, hverjar hefðu orðið líklegar nettótekjur sínar af áðurgreindum samningi málsaðila um prentun miðað við það, að prentað hefði verið fyrir að minnsta kosti 6.000.000 króna á tímabilinu frá byrjun árs til 25. mars 1994, og hins vegar, hverjar hefðu orðið líklegar nettótekjur af samningnum vegna annarra þátta en prentunar. Hinn 13. desember 1996 voru tveir menn dómkvaddir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að annast þetta mat. Í ódagsettri matsgerð þeirra var um fyrri spurningu gagnáfrýjanda vísað til þess, að miðað við það tímagjald, sem hann hafi lagt til grundvallar í málalíbúnaði sínum, tæki 1.695 prentklukkustundir að vinna fyrir þeim 6.000.000 króna, sem um ræði í málinu. Vegna skamms verk tímabils yrði að miða við, að verkið hefði verið unnið með tveimur prentvélum og sólarhringsvöktum starfsmanna. Að teknu tilliti til þess og samkvæmt sundurliðuðum útreikningi yrði framlegð af verkinu 603 krónur á hverja prentklukkustund, samtals 1.022.085 krónur. Um síðari spurningu gagnáfrýjanda töldu matsmenn sýnt af fyrirliggjandi gögnum og eigin könnun, að hann

hefði ekki á þeim tíma, sem um ræði í málinu, notið lánstrausts hjá efnissölum eða þeim, sem hann kynni að hafa leitað samstarfs við um verkið. Gagnáfrýjandi hefði því ekki getað vænst sérstakrar framlegðar af öðrum verkþáttum.

Með bréfi 21. júlí 1997 til Héraðsdóms Reykjavíkur leitaði gagnáfrýjandi eftir því, að menn yrðu dómkvaddir að nýju til að meta þau atriði, sem áður var leitað mats á, þar sem fyrri matsmenn hefðu ekki metið þá þætti, sem þeim hefði verið ætlað. Var orðið við þessari beiðni með dómkvaðningu tveggja nýrra matsmanna 6. ágúst 1997. Í matsgerð þeirra 10. september 1997 var um fyrra matsatriðið lagt til grundvallar, að verkið hefði orðið að vinna með tveimur prentvélum og tveimur tólf stunda vöktum starfsmanna á sólarhring. Var miðað við, að önnur prentvélin hefði verið af gerðinni Roland og tímagjald fyrir hana 3.540 krónur, en í sundurliðuðum útreikningi var talið, að framlegð af þeirri fjárhæð hefði numið 1.808,27 krónum á hverja klukkustund, 51,08% af tímagjaldinu. Hin prentvélin hefði verið af gerðinni Heidelberg og tímagjald fyrir hana 6.000 krónur á klukkustund. Í sundurliðuðum útreikningi var komist að þeirri niðurstöðu, að framlegð af þessari fjárhæð hefði getað orðið 3.008,32 krónur á klukkustund, 50,14% af tímagjaldinu. Að því gefnu, að gagnáfrýjandi hafi farið á mis við prentvinnu fyrir 4.889.750 krónur, var talið, að tjón hans vegna missis framlegðar væri 2.497.684 krónur miðað við, að allt verkið hefði verið unnið á prentvél af gerðinni Roland, en 2.451.720 krónur, ef það hefði verið unnið á Heidelberg-prentvél. Um síðara matsatriðið var byggt á því, að algeng kostnaðarskipting í prentvinnslu væri að meðaltali þannig, að 18% kostnaðar stöfudu af vinnu við filmur og plötur, 23,5% af prentun, 38,5% af bókbandi og 20% af pappír. Algengt sé, að skilvís fyrirtæki í prentiðnaði nái álagningu eða umboðslaunum af helstu þáttum aðfanga eða sem svari 10% til 15% af vinnu við filmur og plötur, sama hlutfalli af bókbandi og 10% af pappír. Enn að því gefnu, að gagnáfrýjandi hafi farið á mis við prentvinnu fyrir 4.889.750 krónur og að sú fjárhæð hefði numið 23,5% af heildarkostnaði verka hans fyrir aðaláfrýjanda, var á þessum grundvelli komist að þeirri niðurstöðu, að gagnáfrýjandi hefði tapað 1.885.675 krónum í álagningu og umboðslaun.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því

af hálfu gagnáfrýjanda, að hann héldi fast við upphaflegar kröfur sínar fyrir héraðsdómi, en vísi til matsgerðarinnar 10. september 1997 þeim kröfum til frekari stuðnings.

### III.

Fyrsti kröfuliður gagnáfrýjanda er, sem fyrr segir, studdur þeim skilningi hans á samkomulagi málsaðila um fyrirhugaða prentun á tímabilinu 1. janúar til 1. mars 1994, að með orðalaginu þar um, að „prentluti þessara viðskipta“ hafi átt að nema 6.000.000 króna, hafi eingöngu verið átt við kostnað af prentuninni sem slíkri, en ekki aðra liði í heildarkostnaði af frágangi bóka í hendur aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjandi hefur hvorki leitt í ljós, að miðað hafi verið við þennan skilning orðalagsins af hálfu beggja aðila við gerð samkomulags þeirra, né hefur hann aflað gagna um venju á þessu sviði viðskipta eða hliðstæðu í öðrum samningum til stuðnings staðhæfingu sinni um þetta efni. Fjárhæð þessa kröfuliðar gagnáfrýjanda er, eins og áður segir, reist á því, að tímagjald vegna útseldrar vinnu á prentvél af gerðinni Roland hafi á umræddum tíma verið 3.540 krónur. Um þetta liggja þó ekki fyrir önnur gögn en verkseðlar gagnáfrýjanda vegna tveggja verkefna hans fyrir aðaláfrýjanda, en samkvæmt málf lutningi þess fyrrnefnda voru slíkir seðlar gerðir til nota hans sjálfs. Ekki verður litið fram hjá því, að í báðum fyrrnefndum matsgerðum er meðal annars hafnað þeim forsendum að baki útreikningi gagnáfrýjanda á þessum kröfulið samkvæmt héraðsdómsstefnu, að kleift hefði verið að leysa af hendi fyrirhuguð verk fyrir aðaláfrýjanda með einni prentvél og að framlegð af þeim hefði numið þeirri fjárhæð, sem þar er lögð til grundvallar. Er því fjárhæð þessa kröfuliðar gagnáfrýjanda, sem hann reisir enn á sama grunni og greint er frá í héraðsdómsstefnu, í andstöðu við meginforsendur matsgerðar, sem hann aflaði sjálfur eftir uppkvaðningu héraðsdóms og vísar nú til sem frekari stoðar fyrir upphaflegum kröfum. Þegar af öllum þessum ástæðum brestur skilyrði til að fella efnisdóm á þennan þátt í kröfum gagnáfrýjanda.

Í héraðsdómsstefnu kveðst gagnáfrýjandi, sem áður segir, reisa útreikning á öðrum lið krafna sinna, sem er vegna missis framlegðar af öðrum fyrirhuguðum verkþáttum í þágu aðaláfrýjanda, á upplýsingum í tilteknu dómskjali um tilboðstölur, sem gagnáfrýjandi kall-

ar svo, til aðaláfrýjanda vegna tveggja tiltekinna verka við prentun. Um þetta segir í stefnunni, að samkvæmt umræddu skjali „átti prentun vegna Íslenskrar málsnildar að kosta 35.400 kr. og prentun vegna bókarinnar „Úr Mímisbrunni“ að kosta 31.260 kr., samtals 66.660 kr. Þar sem eftir var að prenta fyrir 4.889.750 kr., ... mátti stefnandi því reikna með framlegð vegna annarra þátta, að fjárhæð 5.525.417,50 kr.“. Gagnáfrýjandi hefur ekki leitast við að skýra frekar en hér segir, hvernig fjárhæð þessa kröfuliðar er fundin, hvorki í héraðsdómsstefnu né öðrum gögnum. Skilja verður málflutning gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti svo, að hann kjósi að miða ekki fjárhæð þessa liðar kröfugerðar sinnar við fyrrgreinda niðurstöðu um þetta efni í matsgerð 10. september 1997, en til þess er einnig að líta, að sú niðurstaða er reist á forsendum um algenga skiptingu kostnaðar í einstaka þætti og um framlegð af tilboðsverkum, sem virðast ekki vera í neinu samræmi við fyrirliggjandi gögn um verk gagnáfrýjanda í þágu aðaláfrýjanda í skjóli umrædds samkomulags þeirra. Þegar að þessu gættu er ófært að leggja efnisdóm á þennan kröfulið gagnáfrýjanda.

Skýringum gagnáfrýjanda á þriðja kröfulið sínum, sem varðar, eins og áður segir, vexti af skuldabréfi samkvæmt kaupsamningi málsaðila 30. desember 1993, er í ýmsum atriðum ábótavant og skortir að auki á, að þessi krafa sé studd viðhlítandi gögnum. Gegnir því sama máli um hana og aðra kröfuliði gagnáfrýjanda samkvæmt framansögðu.

Samkvæmt öllu því, sem að framan greinir, eru slíkir annmarkar á málartilbúnaði gagnáfrýjanda, að óhjákvæmilegt er að verða við kröfu aðaláfrýjanda um að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi. Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júlí 1996.**

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júní sl., var höfðað með stefnu, birtri 5. september 1995.

Stefnandi er Fjallkonan hf. (áður Ísafoldarprentsmiða hf.), kt. 660169-0329, Þinghóltsstræti 5, Reykjavík.

Stefndi er Mál og menning, bókmenntafélag, kt. 450269-6549, Laugavegi 18, Reykjavík.

*Dómkröfur stefnanda.*

Aðalkrafa er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða 10.175.200 kr. ásamt dráttarvöxtum, þ. m. t. vaxtavöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 3.300.000 kr. frá 30. nóvember 1994 til stefnubirtingardags, en af 10.175.200 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Varakrafa er sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra fjárhæð lægri ásamt sömu dráttarvöxtum til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

*Dómkröfur stefnda.*

Stefndi krefst sýknu, en til vara, að dómkröfur verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

---

*Niðurstaða.*

Aðilar eru ósammála um það, hvenær og af hvaða tilefni ódagsetta samkomulagið, sem lagt hefur verið fram sem dskj. 3, var gert. Stefnandi heldur því fram, að það hafi verið gert um leið og kaupsamningurinn og í raun verið forsenda þess, að samningur tókst um kaup stefnda á bókaútgáfu stefnanda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að yfirlýsing þessi sé kaupsamningi aðila óviðkomandi.

Pegar til þess er litið, að í samkomulaginu segir m. a., að Ísafoldarprentsmiðja taki að sér prentun á eftirtöldum bókum, sbr. yfirlit, sem samið verður í byrjun janúar, og svo síðar, að aðilar stefna á, að prenthluti þessara viðskipta verði á tímabilinu 1. janúar 1994 fram til 1. mars 1994, þykir líklegt, að samkomulagið hafi verið gert ekki síðar en um áramót 1993/1994, en kaupsamningurinn er dagsettur 30. desember 1993.

En hvort sem samkomulagið varð til sem liður í kaupum stefnda á bókaútgáfunni eða ekki, skuldbatt stefndi sig með samkomulaginu til þess að láta stefnanda prenta fyrir sig fyrir a. m. k. 6.000.000 kr. að vissum skilyrðum fullnægðum.

Í skjölum málsins liggur frammi sem dskj. 4 ódagsett plagg frá stefnda, sem stefnandi segir hafa borist 11. janúar 1994. Plaggið ber fyrirsögnina Bækur til prentunar hjá Ísafold. Þarna eru tilgreindar sextán bækur og tiltekinn eintakafjöldi og lýsing verka að nokkru leyti. Plaggi þessu svaraði

stefnandi með tilboði í eina bókina, þ. e. ævisögu Keith Richard. Hinn 20. janúar samþykkti stefnandi að taka að sér prentun á sjö bókum samkvæmt verði, sem stefndi hafði gefið upp, og bauðst jafnframt til þess að taka að sér prentun á fimm bókum fyrir tiltekið verð; þar fyrir utan gerði stefnandi stefnda tilboð í þrjár bækur. Ekki liggja fyrir svör stefnda við bréfi þessu.

Fram er komið, að mistök urðu við prentun fyrstu bókarinnar, sem stefnandi prentaði fyrir stefnda, þ. e. ævisögu Keith Richard. Gallinn var lagfærður. Ekki sagði stefndi samkomulaginu upp eða krafðist riftunar þess vegna þessa galla.

Í skjölum málsins kemur fram, að ýmsir gallar hafa orðið á öðrum verkum, sem stefnandi annaðist fyrir stefnda, en ekki liggja fyrir formlegar kvartanir af hálfu stefnda vegna þessa fyrr en með bréfi, dags. 2. janúar 1995, sem er svar stefnda við innheimtubrési lögmanns stefnanda.

Skjöl málsins bera með sér, að stefnandi gerði fjölmargar tilraunir með útrekuðum bréfaskriftum til þess að fá stefnda til þess að standa við gert samkomulag um prentun. Bréfum þessum virðist stefndi ekki hafa svarað. Ekki hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi prentað fyrir stefnda fyrir meira en 1.110.250 kr., eins og haldið er fram af hálfu stefnanda. Orðalag samkomulagsins á dskj. 3: „Aðilar stefna á, að prenthluti ... samtals 6.000.000 kr. eða meira,“ – verður ekki skilið öðruvísi en þannig, að prenta skyldi fyrir a. m. k. 6.000.000 kr., og verður því ekki á þá túlkun stefnda fallist, að inni í fjárhæðinni skyldi vera annar kostnaður við gerð bókanna, svo sem pappír, bókband svo og virðisaukaskattur.

Leggja verður til grundvallar, að það, að ekki var staðið við prentsamninginn, hafi valdið því, að stefnandi hafi misst af hagnaði vegna prentunarinnar. Fallast má á það með stefnda, að útreikningar þeir, sem stefnandi reisir þennan kröfulið sinn á, að fjárhæð 3.413.045,50 kr., séu ekki sannfærandi; sérstaklega þykir húsnæðis- og mannþörf lítil, þ. e. að miða við einn mann vinnandi á 20 fermetrum. Með hliðsjón af þessu eru efni til nokkurrar lækkunar á þessum kröfulið stefnanda. Þykir eftir atvikum rétt að lækka hann að álitum í 3.000.000 kr.

Vegna kröfu stefnanda um bætur vegna taps á annarri framlegð en beinni prentun þykir fyrst bera að líta til þess, að kröfuliður þessi er litlum eða engum gögnum studdur. Í öðru lagi er í margnefndu samkomulagi á dskj. 3 ekki bein skuldbinding um annað en prentun, enda þótt gert sé ráð fyrir frekari verkþáttum við gerð bóka. Í þriðja lagi er til þess að líta, að í fram lögðum skjölum kemur fram, að pappír og annað, sem notað var vegna vinnu stefnanda, var greitt beint af stefnda án umboðslauna til stefnanda. Með vísan til þessa verður stefndi sýknaður af kröfu stefnanda vegna framlegðar annarra þátta en prentunar, að fjárhæð 5.525.417,50 kr.

Stefnandi krefur um 1.248.637 kr. vegna þess, að skuldabréf það, sem stefndi afhenti stefnanda vegna kaupanna á bókaútgáfu stefnanda, sé með lægri vöxtum en það átti að vera. Gegn andmælum af hálfu stefnda verður að telja fullyrðingar stefnanda að þessu lútandi ósannaðar. Skuldabréfið, en afrit þess hefur verið lagt fram sem dskj. 19, er í samræmi við ákvæði kaupsamningsins að öðru leyti en því, að í kaupsamningi segir, að gjalddagar skuldabréfsins skuli vera 5. maí og 5. nóvember, en gjalddagar skuldabréfsins eru 1. maí og 1. nóvember. Verður stefndi því sýknaður af þessum kröfulið stefnanda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða stefnanda 3.000.000 kr. með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 400.000 kr.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem er Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Mál og menning, greiði stefnanda, Fjallkonunni hf., 3.000.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. janúar 1995 til greiðsludags og 400.000 kr. í málskostnað.